

**Atli Harðarson**


## **Endurreisnin í Bengal og stjórnmálahugsun samtímans: Hugleiðing um endurminningar Amartya Sen**

*Home in the world: A memoir*

Höfundur: Amartya Sen

Útefandi: Liveright, 2022

480 bls.



Sjálfsævisaga indverska hagfræðingsins og heimspekingsins Amartya Sen kom út 2022 í bók sem heitir *Home in the world: A memoir*. Bókin er 480 blaðsíður og segir mest frá æsku, uppvexti og skólagöngu höfundar. Hún fjallar meira um hvernig einn áhrifamesti hugsuður samtímans mótaðist en hvernig frægð hans óx eftir miðjan aldur og hún geymir merkilega sögu um menntun einstaklings. Bókin er samt miklu meira en saga eins manns. Hún er líka heimild um stjórnmálahugsun samtímans bæði vegna þess að þar hefur Sen sjálfur haft mikil áhrif og vegna þess að í bókinni segir hann frá samstarfi sínu við nokkra af helstu hagfræðingum og heimspekingunum síðustu aldar, þar á meðal Kenneth Arrow (1921–2017) og John Rawls (1921–2002). Bókin er líka áhugaverður vitnisburður um samskipti Breta og Indverja um

miðja síðustu öld. Síðast en ekki síst vekur hún lesanda til umhugsunar um hvernig ólíkir menningarheimar geta lært hver af öðrum.

Sen fæddist árið 1933 í Bengal og á ættir að rekja bæði til Austur-Bengal, sem nú heitir Bangladess, og til Vestur-Bengal sem nú er eitt af ríkjum Indlands. Faðir hans var efnafræðingur og kenndi við háskólann í Dakka. Á þessum tíma var, samkvæmt frásögn Sen, til siðs að bengalskar konur fæddu frumburð sinn í foreldrahúsum. Hann fæddist því ekki í Dakka heldur í bænum Santiniketan þar sem móðurafi hans og amma áttu heima. Sá bær er um 150 kílómetrum norðan við Kolkata (sem einnig hefur verið kölluð Kalkútta).

Á forskólaaldri var Sen með foreldrum sínum í Mandalay í Búrma (sem einnig kallast Mjanmar) þar sem faðir hans kenndi við háskóla í fáein ár. Skólaganga hans hófst 1940 í Dakka eftir að fjölskyldan flutti til baka. Árið 1941 var hann sendur í heimabæ móður sinnar og gekk þar í skólann sem Rabindranath Tagore (1861–1941) stofnaði. Um hann segir Sigurður A. Magnússon (1962, bls. 192) í ferðasögu sinni, *Við elda Indlands*, að hann hafi vafalaust verið „ein merkasta menntastofnun í Asíu og þó víðar væri leitað.“ Móðir Sen gekk líka í þennan skóla þar sem faðir hennar var einn af kennurum.

Árið 1951 hóf Sen nám við Presidency háskólann í Kolkata. Tveimur árum seinna innritaðist hann á Preningargarð (Trinity College) í Cambridge á Englandi. Þaðan lauk hann doktorsprófi í hagfræði 1959 en nam jafnframt heimspeki og ferðaðist víða um Evrópu. Eftir að formlegu námi lauk starfaði hann við kennslu og rannsóknir við nokkra af virtustu háskólum Indlands, Englands og Bandaríkjanna.

Sen hlaut Nóbelsverðlaunin í hagfræði árið 1998. Sumarið eftir birti Morgunblaðið viðtal sem Dagfinnur Sveinbjörnsson tók við hann og á undan því er greinargott yfirlit um verk hans á sviði hagfræði.<sup>1</sup>

## Glímt við vandamál samtímans

Sem fræðimaður hefur Sen fengist jöfnum höndum við hagfræði og heimspeki. Hann reri á dýpstu mið frá unga aldri. Í bókinni segir hann til dæmis frá því þegar hann komst innan við tvítugt í bók Kenneths Arrow, *Social choice and individual values*, sem út kom 1951 og áttaði sig á mikilvægi hennar.<sup>2</sup> Í þeirri bók er sannað með skotheldum rökum að forgangsröð hóps verður ekki leidd af forgagnsröð einstaklinganna. Arrows sýndi raunar fram á að hópur getur ekki haft vilja á sama hátt og einstaklingar. Rökfærsla hans kallaði á endurskoðun á algengum hugmyndum um lýðræði sem kerfi þar sem „þjóðarvilji“ ræður för. Síðar á ævinni vann Sen rannsóknir á ákvörðunum hópa og hvernig þær gætu verið skynsamlegar og lýðræðislegar þrátt fyrir niðurstöðu Arrows.

---

<sup>1</sup> Dagfinnur Sveinbjörnsson (27. júní 1999).

<sup>2</sup> Ég hef reifað meginefni þessarar bókar í stuttri grein (Atli Harðarson, 1998, bls. 257–266).

Önnur fræðasvið þar sem Sen hefur látið til sín taka varða meðal annars leiðir til að mæla velmegun, hagfræðilegar hliðar heilbrigðismála, alþýðufræðslu og siðfræði, einkum kenningar um réttlæti. Hann er einn af þeim sem hafa endurvakið verkhyggju (pragmatisma) í siðfræði en sú heimspekistefna var mótuð af Willam James (1842–1910), John Dewey (1859–1952) og fleiri bandarískum hugsuðum sem uppi voru á seinni hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Frægasta rit Sen um siðfræði, bókin *The idea of justice* frá 2009, er raunar byggð á fyrirlestrum sem hann flutti til minningar um John Dewey við Columbia háskóla í New York. Í þeirri bók gerir Sen grein fyrir því að hægt sé að vinna á óréttlæti án þess að vita endanleg svör um hvernig fullkomið réttlæti er. Með líkingamáli, sem ekki er frá Sen komið, má segja að hann hugsi sem svo, líkt og Dewey gerði, að við þurfum ekki fræðikenningar um fótabúnað til að vita hvar eiginn skór kreppir. Bæði í siðfræði og í hagfræði hefur Sen leitað leiða til að taka stutt skref fram á við og bæta það böl sem hrjáir fólk mest fremur en að lýsa fullkomnu samfélagi eða staðleysu.

Kenning Sen um réttlæti er að nokkru leyti svar við tímamótaverki Rawls, *A theory of justice* frá 1971.<sup>3</sup> Hún sver sig um sumt í ætt við annað stórvirki í siðfræði síðustu ára sem er bókin *Frontiers of justice* eftir Martha C. Nussbaum enda hafa þau Sen unnið töluvert saman og bæði andmælt hugmynd Rawls um að réttlæti sé eins og samkomulag skynsamra og hagsýnna jafningja sem gæta aðeins að eign hag (Nussbaum, 2006; Sen, 2009). Þau benda á að það sé ranglátt að leika grátt við minni mátt (svo vitnað sé í kunna vísu eftir Einar Benediktsson), einkum þá sem eru svo mjög minni máttar að aðrir hafi engan hag af að semja neina sátt við þá. Umhyggja fyrir kjörum þeirra sem síst geta slegið frá sér er raunar gegnumgangandi í ritum Sen og fyrir vikið er hann stundum kallaður móðir Teresa hagfræðinnar. Þau tvö eiga fleira sameiginlegt en tengslin við Kolkata því hvort með sínum hætti minntu þau á að hlutskipti þeirra varnarlausu er besti mælikvarðinn á mennsku okkar.

## Hugsuður mótast

Í endurminningum Sen kemur vel fram hvernig fræði hans mótuðust í senn af eigin reynslu og af bóklegum lærdómi. Barn að aldri sá hann fólk veslast upp í Bengalhungursneyðinni miklu 1943. Síðar á ævinni sýndi hann fram á að hún stafaði ekki af því að of lítill matur væri til í landinu og rökstuddi jafnframt að þar sem hvorki er lýðræði né frjáls fjölmiðlun verði oftlega mannfellir þótt nóg sé til handa öllum að borða. Hann tengir áhuga sinn á heilbrigðismálum líka við það sem móðuramma hans kenndi honum á barnsaldri. Hún tók á móti börnum og vissi að með hreinlæti og þekkingu á heilbrigðismálum var hægt að draga stórlega úr dauðsföllum kornabarna og sængurkvenna. Áhuginn á velferð og hagþróun tengist líka

---

<sup>3</sup> Um bók Rawls má lesa í greinarkorni eftir mig sem birtist í Þjóðmálum fyrir tveimur árum (Atli Harðarson, 2020).

kynnum Sen af fátækt og félagslegum vandamálum í Kolkata. Sigurður A. Magnússon (1962, bls. 169) kallar hana „skelfilegustu borg veraldar“ í áður nefndri ferðasögu sinni og bætir við: „Útborgir Kalkúttu eru meðal aumustu fátækrahverfa í víðri veröld“ (Sigurður A. Magnússon, 1962, bls. 182). Í sjálfsævisögunni sem hér er til umfjöllunar segir ekki aðeins frá kröppum kjörum borgarbúa heldur líka afar auðugu menningarlífi. Myndin sem lesandi fær er því talsvert bjartari en sú sem Sigurður dró upp.

Sen var kominn af vel stæðu og vel menntuðu fólki. Faðir hans var sem áður segir efnafræðingur. Móðuramma hans var fjölhæfur listamaður. Móðurafi hans var fræðimaður, menntaður í sanskrít og indverskum fornfræðum og bar jafna virðingu fyrir trú hindúa og múslíma. Á unglingsárum heillaðist Sen bæði af fræðum móðurafa síns og vísindum Vesturlanda. Hann lærði snemma að horfa á lífið af mörgum og ólíkum sjónarhólum enda kynntist hann menningu múslíma í Austur-Bengal, búddista í Búrma, hindúa í Vestur-Bengal og kristinna Evrópumanna á Englandi og víðar. Við þetta bættist að í skólanum í Santiniketan var fjallað af víðsýni og þekkingu um menningu og bókmenntir frá ólíkum heimshornum.

Í skrifum sínum um fræðileg efni nýtir Sen hugmyndir úr ólíkum menningarheimum. Siðfræðileg rök hans í *The idea of justice* (Sen, 2009) byggjast til dæmis bæði á þekkingu á indverskri heimspeki og evrópskri. Þar standa þeir hlið við hlið skoski upplýsingarmaðurinn Adam Smith (1723–1790) og Ashoka mikli (d. 232 f.Kr.) sem var í senn heimspekingur og þjóðhöfðingi yfir stórum hluta Indlands á þriðju öld fyrir okkar tímatal.

## **Bengalska endurreisnin**

Undir lok átjándu aldar var miðstöð Breska Austur-Indíafélagsins við ósa Ganges og þar myndaðist borgin Kolkata. Hún var höfuðstaður breskra yfirráða á Indlandi allt til 1911 þegar æðsta stjórn var flutt til Nýju Delí.

Í Kolkata og víðar í Bengal kynntust indverskir menntamenn bókmenntum, heimspeki og vísindum Vesturlanda. Fleiri og fleiri lærðu ensku og önnur Evrópumál en voru jafnframt menntaðir í sanskrít og indverskum fræðum. Sumir kunnu líka mál Persa og Araba og þekktu menningu múslíma. Þarna óx því fjölbjóðlegur lærdómur. Í sögubókum er upphaf þessa blómaskeiðs jafnan tengt manni sem hét Rammohun Roy (1772–1833). Nafn hans er stundum ritað Ram Mohan Roy. Um hann segir Sigurbjörn Einarsson (1994, bls. 217) í bók sinni um trúarbrögð mannskyns að hann vildi „sameina allt, sem best væri í kristindómi og hindúasið.“ Hann reyndi raunar að gera meira en að samþætta trúarbrögð Vesturlanda og Indlands því lífsskoðanir hans voru líka mótaðar af víðtækri þekkingu á vísindum og heimspeki beggja heimshluta.

Þótt hreyfingin sé kölluð endurreisn var hún raunar skyldari upplýsingunni í Vestur-Evrópu á átjándu öld en ítölsku endurreisninni á þeirri fjórtándu og fimmtándu því áherslan var á að

nota skynsemina til að skapa sannari heimsmynd, skynsamlegri trú og betra samfélag fremur en á endurreisn fornra fræða. Margir af þeim sem fylgdu Rammohun Roy boðuðu afnám indverska stéttakerfisins og mæltu fyrir réttindum kvenna og í máli sumra þeirra heyrðist endurómur af boðskap frönsku byltingarinnar (Dasgupta, 2011). Þessi vakning sem varð við kynni Indverja af lærdómi Vesturlanda olli því að stofnaðir voru margir nýir skólar á nítjándu öld og það gerðist nokkurn veginn á sama tíma í Bengal og á Englandi að konur fengu aðgang að háskólum. Jafnframt urðu til nýjar heimsbókmenntir og indverskir vísindamenn urðu gjaldgengir í fræðasamfélagi Vesturlanda.

Hugmyndir sem mótuðust í Bengal urðu hluti af menningu alls heimsins enda voru þær frá upphafi harla alþjóðlegar. Hér er ekki rúm til að rekja þá miklu sögu. Ég get samt ekki stillt mig um að nefna trúarheimspeki sem sótti innblástur til Rammohun Roy og kenndi að öll helstu trúarbrögð mannkyns innihéldu sama sannleikskjarnann og í samanburði við hann væri allt það sem á milli bæri harla léttvægt – trúaðir menn í öllum álfum heims leituðu eftir sambandi við sama guð og væru á leið til sama himnaríkis. Þessi boðskapur náði eyrum margra Vesturlandabúa þegar Swami Vivekandanda (1863–1902) ferðaðist um Bandaríkin og Bretland og hélt fyrirlestra og námskeið þar sem hann sagði að hindúisminn væri móðir trúarbragðanna en kenningar Krists væru líka heilagur sannleikur (Nikhilananda, 1989). Alla tíð síðan hefur andleg speki Indverja átt hljómgrunn á Vesturlöndum þótt ef til vill hafi fáir vitað að hve miklu leyti lærdómur Vivekandanda og hans líka var til orðinn fyrir samruna vestrænnar og indverskrar menningar.

Eins og áður segir gekk Sen í skólann sem Rabindranath Tagore stofnaði í Santiniketan en Tagore er líklega frægasti fulltrúi bengölsku endurreisnarinnar. Hann var fjölhæfur mjög, frumkvöðull í menntamálum, höfundur indverska þjóðsöngsins og jafnvígur á skáldskap, myndlist og tónlist. Í byrjun síðustu aldar var hann með dádustu ljóðskáldum heimsins og hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum 1913 fyrir ljóðabókina *Gitanjali*. Tagore orti ljóðin upphaflega á móðurmáli sínu, bengali, en sneri þeim sjálfur í óbundið mál á ensku og breytti þeim töluvert í leiðinni. Íslensk þýðing sem Magnús Á. Árnason gerði eftir ensku útgáfunni (Tagore, 1919) nefnist *Ljóðfórnir* og markaði þáttaskil í ljóðrænum skáldskap á íslensku. Vissulega höfðu áður birst þýðingar á órímuðum ljóðum. Til dæmis birti Einar Benediktsson íslenska þýðingu á ljóði eftir Walt Whitman í bók með safni af verkum amerískra skálda sem kom út hjá Gyldendal árið 1892 og nefndist *Útsýn*. Eftir því sem ég best veit er *Ljóðfórnir* samt fyrsta heila ljóðabókin sem kemur út á íslensku þar sem öll ljóðin eru laus út viðjum ríms og bragarháttu. Engum dylst þó að þau eru ljóð en ekki sögur.

Móðir Sen þekkti Tagore og samgangur var milli fjölskyldnanna. Sen lætur þess getið að Tagore hafi lagt til við móður sína að hann fengi sérstætt og óvenjulegt nafn og yrði látinn heita Amartya (sem merkir ódauðlegur). Í endurminningum sínum fer Sen afar fögum orðum

um skóla Tagore. Þar ríkti hugsanafrelsi. Þar var komið fram við nemendur af virðingu og þar skiptu samræður meira máli en próf og einkunnir. Þar sem Sen fjallar um Tagore og fleiri lærdómsmenn frá heimalandi sínu fer ekki milli mála að hann er sjálfur arftaki bengölsku endurreisnarinnar. Hugsun hans var í senn mótuð af djúpri þekkingu á indverskum fræðum og af evrópsku upplýsingunni.

## **Alþjóðahyggja og frjálslyndi**

Í endurminningum sínum orðar Sen á nokkrum stöðum áhyggjur af að velmegun, friður og farsælt líf fari halloka fyrir fjandskap ólíkra trúarbragða. Hann veltir því fyrir sér hvort trúin geti sameinað fólk úr ólíkum áttum eins og suma boðbera bengölsku endurreisnarinnar dreymdi um.

Fram eftir síðustu öld héldu margir að trúarbrögð mundu víkja með nútímavæðingu og menntun. Þetta er þó ekki raunin. Trúarbrögð nútímans eru, eins og þýski félagsfræðingurinn Ulrich Beck (2019) sagði, ekki leifar af eldri menningu. Þau vaxa og dafna við aðstæður sem eru til orðnar vegna lífshátta, tækni og menntunar í samtíð okkar. Sen vekur athygli á að það skiptir máli hvernig þau þróast því öll helstu trúarbrögð heims eru beggja handa járn. Þau geta stuðlað að velvild og vinahug en þau geta líka kynt undir hatri og illsku. Spurningar og vangaveltur Rammohun Roy og Swami Vivekandanda um möguleikann á gagnkvæmum skilningi og sátt ólíkra trúarbragða eru meðal áleitnustu spurninga samtímans.

Sen rifjar meðal annars upp kynni sín af Burma og spyr hvernig það megi vera að slík menningarþjóð fremji fólksuverk eins og fjöldamorð á rohingjum. Þeir voru ofsóttir fyrir að hafa aðra trú en meirihlutinn í landinu. Hann kallar eftir stjórnvisku og hyggindum til að vinna gegn slíkum ósköpum. Í umfjöllun sinni um þetta sem og önnur efni er Sen talsmaður frjálslyndis og alþjóðahyggju. Þetta birtist bæði þar sem hann gagnrýnir vini sína sem aðhylltust kommúnisma fyrir að sjá ekki gildi einstaklingsfrelsis og mikilvægi virkar stjórnarandstöðu og þar sem hann andæfir úlfúð í garð fólks vegna þjóðernis eða trúar.

Í upphafi bókarinnar segir Sen frá viðtali sem tekið var við hann skömmu eftir að hann hlaut Nóbelsverðlaunin. Hann var spurður hvaða stað hann teldi heimili sitt. Hann kvaðst eiga heima víða um lönd. Spyrillinn lét þá að því liggja að hann skildi ekki hugtakið „heimili“ og Sen brást við með því að segja að hann deildi ekki þeirri hugsun að eitt heimili útilokaði annað. Hann var heimsborgari, þótti vænt um löndin sem hann hafi búið í og benti réttilega á að maður gæti haft taugar til margar staða. Sen hefur tengsl við fjölbreyttar menningarhefðir og fræði úr ólíkum heimsálfum og frá ólíkum tímum. Ef mér skjátlast ekki því meir þarf veröldin á fleiri slíkum mönnum að halda.

## Rit

- Atli Harðarson. (1998). *Vafamál: Ritgerðir um stjórnmálaheimspeki og skyld efni*. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Atli Harðarson. (2020). Í skugga réttlætisins. Umsögn um bókina *In the Shadow of Justice: Postwar Liberalism and the Remaking of Political Philosophy* eftir Katarina Forrester. *Þjóðmál*, 16(1), 76–81.
- Beck, Ulrich. (2010). *A God of one's own: Religion's capacity for peace and potential for violence*. Polity Press.
- Dagfinnur Sveinbjörnsson. (27. júní 1999). Samviska hagfræðinnar. *Morgunblaðið*, bls. 24–25.
- Dasgupta, Subrata. (2011). *Awakening: The story of the Bengal renaissance*. Vintage Books.
- Nikhilananda, Swami. (1989). *Vivekananda: A biography*. Ramakrishna-Vivekananda Center of New York.
- Nussbaum, Martha C. (2006). *Frontiers of justice: Disability, nationality, species membership (The Tanner lectures on human values)*. Belknap Press.
- Sen, Amartya. (2009). *The idea of justice*. Belknap Press of Harvard University Press
- Sen, Amartya. (2022). *Home in the world: A memoir*. Liveright.
- Sigurbjörn Einarsson. (1994). *Trúarbrögð mannkyns (þriðja útgáfa endurskoðuð)*. Skálholtsútgáfan.
- Sigurður A. Magnússon. (1962). *Við elda Indlands*. Ísafoldarprentsmiðja.
- Tagore, Rabindranath. (1919). *Ljóðfórnir* (íslensk þýðing Magnús Á. Árnason). Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.